

Fundargerð

287. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (haldinn í Skuggasundi 1 UAR)

Miðvikudaginn 10. júní 2020 kl. 10⁰⁰–10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar

2. Fundaráætlun

Rædd var fundaráætlun stjórnar. Gerð var tillaga um að fella niður fundinn 8 .júlí 2020 en lengja í staðinn fundinn 24. júní 2020 og hefja hann 8:30 til að fara yfir rekstraráætlun og önnur mál og eiga auk þess möguleika á stuttum fundi 1. júlí 2020 sem síðasta fundi fyrir sumarfrí. Gerð var tillaga um að fyrsti fundur eftir sumarfrí verði 12.ágúst 2020.

Samþykkt.

HH yfirgaf fund 10:05

5. Önnur mál

Fundarmenn ræddu fund sem haldinn var fyrr um morguninn með ráðuneytisstjóra og starfsmönnum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um meðferð á tekjum á úrvinnslugjaldi. Einnig var rætt á fundinum um framleiðendaábyrgð. Rædd voru næstu skref. BSB leggur til að Úrvinnslusjóður afli lögfræðialits frá óháðum aðila um hvort og hvernig það fyrirkomulag að fjármagna starfsemi sjóðsins með árlegu fjárframlagi á útgjaldahlið ríkisreiknings samræmist ákvæðum EES-samningsins á sviði úrgangsmála, m.a. ákvæðum um framleiðendaábyrgð.

Frestað.

LÓ yfirgaf fund 10:20

3. Veiðarfæri

Farið yfir stöðu mála í framhaldi af fundi stjórnar um veiðarfærasamninginn þar sem gerð var tillaga um að vinna samkvæmniseftirlit vegna samnings SFS og Úrvinnslusjóðs í samræmi við skema frá EM, sem lagt var fram á fundinum.

ÓK fór yfir að SFS er að fara yfir samkvæmnisskjal er EM sendi til SFS.

4. Rekstraráætlun

Frestað.

Næsti fundur 24. júní 2020 kl. 8:30

Fundi slitið kl. 10:30